

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Þórðar Jónssonar — Foreldraminningu —, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. febrúar 1981.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Þórðar Jónssonar — Foreldraminningu.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Þórðar Jónssonar — Foreldraminning.

Hann er stofnaður með gjafabréfi Þórðar Jónssonar, bónda, Vatnsnesi, Grímsnesi, dags. 20. apríl 1968, og viðbótargjöf skv. gjafabréfi dags. 10. okt. 1970. Eru bréfin í vörslu biskupsembættisins.

Samkvæmt þeim er sjóðurinn stofnaður til minningar um foreldra Þórðar, hjónin Margréti Sigurðardóttur og Jón Árnason, Alviðru í Ölvusi, svo og til minningar um móðursystur Þórðar, Sigríði Sigurðardóttur.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins nemur pr. 1/1 1981 nýkr. 129 542,00 og skal haldast óskert.

Sjóðinn skal ávaxta í vísitölutryggðum ríkisskuldabréfum eða á annan jafn tryggan hátt.

### 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast. Gjafir skal leggja við stofnfé.

25% af árlegum tekjum sjóðsins skal leggja við höfuðstól. Biskupsembættið hefur á hendi vörslu sjóðsins.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja starfsemi lýðháskólans í Skálholti í því hlutverki hans að mennta íslenskan æskulýð í kristnum fræðum og móta hann í kristilegum anda. Skal árlega veita allt að 3/4 af árstekjum sjóðsins í þessu skyni, samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar. Skal kynna styrkveitingar við skólauppsögn árlega.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Biskup Íslands og er hann formaður, rektor Skálholtsskóla og einn maður tilnefndur til þriggja ára í senn af stjórn Skálholtsskólafélagsins. Þegar Skálholt verður biskupssetur tekur Skálholtsbiskup sæti biskups Íslands í stjórninni.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðast með reikningum embættis biskups.

### 6. gr.

Ef Skálholtsskóli skyldi leggjast niður í núverandi mynd, skal sjóðurinn styrkja aðra starfsemi í Skálholti í samræmi við þann tilgang, sem kveðið er á um í 4. gr.

Heimilt er að breyta ákvæðum þessarar skipulagsskrár að einróma tillögu sjóðsstjórnar og með samþykki kirkjumálaráðherra. Tilgangi sjóðsins má þó aldrei raska.

### 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á þessari skipulagsskrá og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.